

Undirrituð óskar eftir minnisblaði um hvernig Kópavogsbær fór með það áhættumat sem unnið var af hálfu VSÓ Ráðgjöf og varðar byggingu Kársnesskóla. Þar kom m.a. fram að helstu áhættu- og óvissuþættir verksins væru KLT (Krosslímdar timbureiningar) og eftirfylgd á framkvæmda á framkvæmdatíma.

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um hver uppsafnaður kostnaður vegna eftirlits við byggingu Kársnesskóla er orðinn, þ.e. eftirlitið sem boðið var út árið 2021 (JT verk ehf.). Kostnaðaráætlun við verkið var 100 milljónir.

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um hver kostnaður við hönnun Kársnesskóla er orðinn miðað við það útboð sem fór fram og minnisblað um stöðu þeirra deilna sem upp kom um viðbótakostnað. Tilboðið hljóðaði upp á 99 milljónir.

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um hver heildarkostaður er á byggingu Kársnesskóla miðað við upphaflegu áætlanir og uppfærða áætlun á verkinu í heild.

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um hver heildarkostnaður er við lögfræðivinnu og annan kostnað sem tengist riftun við upphaflega yfirverktaka verksins.

Theodóra SP.